



# Ársskýrsla

## Sorpstöðvar Suðurlands

### fyrir starfsárið 1999 - 2000

#### *Inngangur*

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir starfsemi Sorpstöðvar Suðurlands frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 30. júní 1999. Á þeim fundi voru eftirtaldir kosnir í stjórn: Aðalmenn; Karl Björnsson, formaður, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Sesselja Jónsdóttir.

Varamenn; Gísli Páll Pálsson, Bjarni Einarsson og Ágúst Ingi Ólafsson. Skoðunarmenn voru kosnir Bjarki Reynisson og Loftur Þorsteinsson

Framkvæmdastjóri Sorpstöðvar Suðurlands er Þorvarður Hjaltason. Starfsmenn á urðunarsvæði eru Arnar Árnason verkstjóri og Kristinn Sigtryggsson vélamaður, sem ráðinn var í stað Guðna Jónssonar en hann hætti störfum hjá fyrirtækinu á síðasta ári. Guðmundur Tr. Ólafsson umhverfisfræðingur sinnir ýmiss konar ráðgjöf og þróunarverkefnum.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórnin haldið 6 formlega fundi en auk þeirra hafa verið haldnir ýmsir fundir með þátttöku eins eða fleiri stjórnarmanna í tengslum við þau mál sem hafa verið á döfnni.

Eignaraðilar Sorpstöðvar Suðurlands eru samtals 14. Sorpstöð Rangárvallasýslu hefur á bak við sig 8 sveitarfélög þannig að í raun er 21 sveitarfélag á Suðurlandi sem stendur að Sorpstöðinni. Eignarhlutföll, sem miðast við eigið fé Sorpstöðvarinnar um síðustu áramót, eru sýnd í eftirfarandi töflu, sem og hlutdeild eignaraðilanna í eigin fé fyrirtækisins, en það hefur aukist um 6,3 % á milli ára:

**Tafla 1**  
**Eignarhlutföll og skipting eigin fjár í Sorpstöð Suðurlands 2000**

Eignaraðilar	Íbúafjöldi	Eignarhlutfall	Eignarhlutur
Sorpstöð	2.846	19,20	11.305.924
Rangárvallasýslu			
Árborg	5.676	38,29	22.548.287
Gaulverjabæjarhr.	119	0,80	472.735
Hraungerðishreppur	175	1,18	695.199
Villingaholtshreppur	176	1,19	699.172
Skeiðahreppur	240	1,62	953.416
Gnúpverjahreppur	291	1,96	1.156.017
Hrunamannahreppur	726	4,90	2.884.083
Biskupstungnahr.	508	3,43	2.018.064
Laugardalshreppur	257	1,73	1.020.950
Grímsnes-	349	2,35	1.386.426
Grafningshreppur			
Þingvallahreppur	49	0,33	194.656
Hveragerði	1.766	11,91	7.015.552
Ölfus	1.647	11,11	6.542.817
	14.825	100,00	58.893.298

### **Afkoma**

Afkoma fyrirtækisins var ekki eins góð á síðasta ári og næstu ár á undan. Rekstrarafgangur eftir afskriftir og fjármagnsgjöld varð tæplega 500 þús.króna. Eiginfjárstaða fyrirtækisins er sterk og eigið fé fyrirtækisins er nú um 59 milljónir króna og hækkar um 6,3 % á milli ári. Greiðslustaða fyrirtækisins versnar verulega á milli ára. Handbært fé lækkar um um tæplega 16 milljónir króna. Skýringin er fyrst og fremst sú að greiddar voru tæplega 18 milljónir króna vegna skaðabóta sem Hæstiréttur dæmdi fyrirtækið til að greiða eigendum Auðsholts. Það ánægjulega við málið er þó að peningaleg staða fyrirtækisins var svo traust að það gat greitt þessa

fjármuni án þess að taka til þess lán. Það má þakka hagkvæmum rekstri á undanförunum árum.

### **Gjaldskrá**

Gjaldskrá hækkaði verulega um síðustu áramót samkvæmt ákvörðun stjórnar og heimild aðalfundar og og nam hækkunin nam um 23,5 %. Til skýringar skal þess getið að hækkunin til aðildarsveitarfélaganna er þrep í aðlögun að breyttum rekstrarforsendum stöðvarinnar á næstu tveimur árum. Þessar breyttu forsendur eru í fyrsta lagi þær að ekki verður tekið á móti sláturúrgangi nema fram á mitt þetta ár og veldur það hækkuninni í ár og síðan verður viðskiptum við fyrirtæki á Reykjavíkursvæðinu hætt í árslok 2001. Við þetta lækka tekjur umtalsvert, en útgjöld ekki að sama skapi, því fastur kostnaður er stór hluti af útgjöldum fyrirtækisins. Miðað við þessar forsendur má búast við að gjald til aðildarsveitarfélaga muni hækka í kr. 2.90/kg árið 2002. Því má búast við frekari hækkunum næstu tvö ár.

Samkvæmt samþykktum Sorpstöðvarinnar skal aðalfundur ákvarða endanlega um gjaldskrá og leggur stjórn til að hann staðfesti gjaldskrána eins og hún er nú með heimild til stjórnarinnar að hún geti endurskoðað hana og breytt ef rík ástæða þykir til.

Gjald fyrir sorp frá aðildarsveitarfélögum	kr. 2.10 pr/kg.
Gjald fyrir samningsbundin viðskipti	kr. 1.75 pr/kg.
Gjald fyrir sláturúrgang	kr. 3.50 pr/kg.
Gjald fyrir annað aðflutt sorp	kr. 4.20 pr/kg.
Gjald fyrir seyru	kr. 1.00 pr/kg.
Afgreiðslugjald	kr. 690.-
Gjald fyrir trjáurlara	kr. 2.200.-

Allar verðtölur eru án virðisaukaskatts.

### **Starfsemin á urðunarsvæðinu**

Starfsemin í Kirkjuferjuháleigu hefur á síðasta starfsári verið með venjubundnum hætti og gengið hnökralaust fyrir sig. Nú er verið að vinna að hönnun á endanlegum frágangi og útliti urðunarsvæðisins og er sú vinna í höndum Verkfræðistofu Suðurlands og Odds Hermannssonar landslagsarkitekts. Forsendur vinnunar eru þær að endanlegt útlit falli sem best að landslagi og jafnframt að nýting urðunarreinanna verði sem best. Framkvæmdir við nýja urðunarrein hófust í haust og er nú nánast lokið. Innsti hluti hennar er nýttur þegar veðuraðstæður eru slæmar, en urðunarrein sem tekin var í notkun seint á árinu 1998 er nú nýtt að 3/4hlutum.


Í Kirkjuferjuháleigu er ekki almenn móttaka á sorpi, einungis er tekið á móti úrgangi frá sorphirðum og fyrirtækjum að undanskildum bændum í næsta nágrenni þar sem ekki er nálægur gámvöllur í sveitarfélaginu. Losanir á árinu voru 7.710. Flestar losanir eru í júlí rúmlega 800 en fæstar í janúar og febrúar tæpar 500. Sjá nánari dreifingu í viðauka 1.

Á árinu voru unnir dagar 252 en þar af var lokað ( afgreiddir <10 bílar á dag ) 15 daga og lokað hluta dags( afgreiddir < 25 bílar á dag) 43 daga. Að einhverju leyti var því

lokað 58 dag sem er um 23 % heildardagfjöldans. Þegar vindur mælist yfir 13 m/s á urðunarsvæðinu er móttaka stöðvuð. Samfelld lokun eða takmarkað aðgengi er utantekning, einu sinni var takmarkað aðgengi í 3 daga en 11 sinnum var lokað eða takmarkað aðgengi í 2 daga í röð.

Á árinu 1999 nam innvegið magn samtals 23.886 tonnum sem er um 9 % aukning frá 1998. Mótttekið magn frá sveitarfélögunum var 17,7 % meira en 1998 og 14,6 % magnaukning varð frá sláturhúsnum, lítilsháttar minnkun var á magni frá Gámakó og Gámaþjónustunni. Úrgangur frá öðrum rekstri á svæðinu var 10% minni en árið á undan.

Nánari sundurliðun á magni frá sveitarfélögum er í viðauka 2, 3 og 4



Tafla 2. Magn úrgangs til urðunar á Kirkjuferjuháleigu s.l. 4 ár.

### Upplýsingamál

Skilti hafa nú verið sett upp á öllum gámaöllum í Hrunamanna-, Biskupstungna-, Grímsnes- og Grafningshrepp. Skilti þessi tilgreina hvar og hvernig hægt er að koma úrgangi til eyðingar og efnun til endurvinnslu í viðkomandi sveitarfélagi. Sambærileg skilti voru sett upp við flestar bensinstöðvar á Suðurlandi síðast liðið sumar. Þessi skilti eru annars vegar þjónustuskilti fyrir vegfarendur, þar sem sjá má helstu vegi og staði en hins vegar eru þar upplýsingar um flokkunarmöguleika og móttökustöðvar úrgangs á Suðurlandi.

Stuttar greinar og fréttatilkynningar hafa verið birtar í staðarblöðum á árinu. Þær hafa flestar verið skrifaðar til upplýsingar og fróðleiks um endurvinnslu og árangur einstakra flokkunarferla.

Heimasíða Sorpstöðvarinnar var sett upp 1998 og hefur verið uppfærð reglulega. Þar er jafnan birt það helsta sem um er að vera í heimi endurvinnslu og úrgangsméðhöndlunar. Jafnframt eru þar birtar fundargerðir og aðrar fréttir sem viðkoma rekstri stöðvarinnar. Slóðin er [www.sudurland.is/sorpstod](http://www.sudurland.is/sorpstod). Til stendur að endurútgefa upplýsingabæklinginn sem kom út 1998, en hann hefur fengið góðar undirtektir. Beðið hefur verið með endurútgáfu þangað til valdar hafa verið samræmdar myndrænar merkingar fyrir helstu úrgangsflokka, sjá viðauka nr 10.

### ***Endurvinnsla á Suðurlandi.***

*Dagblaða og tímaritapappír.* Á Suðurlandi hefur nú í 4 ár verið tekið við pappír til endurvinnslu. Gámaþjónustan í Reykjavík hefur útvegað söfnunarlát og séð um losun þeirra og flutning til SORPU sem síðan hefur komið pappírnum til Svíþjóðar í endurvinnslu. Nokkuð jöfn aukning hefur verið í móttæknu magni pappírs á tímabilinu og er s.l. ár ekki undantekning, en 26 % aukning varð á milli ára. Innvegið magn nam 192 tonnum. Nú eru 24 móttökustaðir fyrir pappír á svæðinu. Árangur sveitarfélaganna er nokkuð misjafn eins og sést í viðauka 5 og 6, en Laugardalshreppur heldur enn forustunni með 18,7 kg/íbúa, naumlega þó, því íbúar Árborgar hafa að meðaltali skilað 18,6 kg. Sjá viðauka 5 og 6.

*Fernur.* Aðgreining og skilun á fernum hefur fest sig í sessi en 1999 söfnuðust 41 tonn af fernum sem er um 8 % aukning milli ára. Gámaþjónustan hefur útvegað ílát og annast hirðu og flutning til SORPU, sem síðan kemur fernunum utan til endurvinnslu.

*Brotajárn.* Brotajárn vegur þýngst af þeim efnum sem safnað er og komið er til endurvinnslu. Árið 1999 söfnuðust og voru flutt af svæðinu 2.709 tonn af brotajárni, en það er 17% aukning milli ára. Sveitarfélögin hafa í auknum mæli komið fyrir aðgengilegum brotajárnsgámum allt árið, einnig safnast mikið af járni í vorhhreinsun sveitarfélaganna, en í þeim tilfellum þar sem flytja á mikið magn af járni er fengin brotajárnpressa til að minnka umfangið á járninu og þar af leiðandi minnka flutningskostnað. Járníð hefur verið flutt til höfuðborgarsvæðisins nánar tiltekið til Furu ehf í Hafnarfirði og Hringrásar í Rvk. Sorphirðar á svæðinu hafa annast flutninga ásamt Furu ehf. Fura hakkar brotasjárnið og aðskilur aukaefni frá og eykur þar með verðmæti brotajárnsins en Hringrás pressar brotajárnið og flytur það síðan út. Nánari upplýsingar í viðauka 7, 8 og 9.

*Spilliefni.* Árið 1996 voru sett lög um spilliefnagjald, lög nr 56/1996. Tilgangur laganna er að koma í veg fyrir mengun af völdum spilliefna og auka skil spilliefna með því að spilliefnahafar greiði gjald, spilliefnagjald, við innflutning eða framleiðslu vara sem verða að spilliefnum. Spilliefnagjald er í vörslu Spilliefnanefndar sem greiðir fyrir förgun spilliefna er gjaldið hefur verið lagt á. Til þess að spilliefni valdi ekki skaða greiðir sá er þau efni hefur undir höndum þjónustugjald er nemur kostnaði af því að gera efnin óskaðleg. Hefur það fyrirkomulag, að sá greiðir er mengun veldur, verið nefnt mengunarbótarregla (Polluter Pays Principle). Áður greiddu úrgangshafar fyrir förgun spilliefna en það fyrirkomulag hefur verið álitid letjandi á skil. Með vörum sem geta orðið að spilliefnum er átt við vörur, efni og umbúðir þeirra sem geta haft mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið. Á það við hvort sem efnin eru hrein eða hluti af öðrum efnum eða vörum.

Á starfsvæði Sorpstöðvar Suðurlands eru 10 móttökustaðir fyrir flestar tegundir spilliefna, að auki er hægt að losna við einstakar tegundir á fleiri stöðum s.s. rafhlöður, rafgeyma og úrgangsolíu. Sveitarfélögin hafa valið mismunandi leiðir við að safna og flytja spilliefnin. Átta sveitarfélög hafa samið við Endurvinnsluna á Akureyri um þjónustu við spilliefna móttöku, Arborg og Sorpstöð Rangárvallasýslu sjá sjálf um móttöku og flutning spilliefna. Á þessari stundu liggur ekki fyrir skýrsla Spilliefnanefndar. Þannig að ekki er hægt að meta árangur spilliefnasöfnunar á árinu 1999, það er þó viðbúið að heildarmagn aukist mikið milli ára vegna þeirrar breytingar að nú ber olía spilliefnagjald og verður þarafleiðandi tekin með í reikninginn. Þegar skýrsla spilliefnanefndar liggur fyrir í maí n.k. verða tölur fyrir skil á svæðinu birtar á heimasíðu Sorpstöðvarinnar.

*Fatnaður.* Rauðikrossinn stendur fyrir söfnun á fatnaði á síðasta ári voru fylltir fjórir 20 feta gámar eða rúm 24 tonn af fatnaði sem notaður var til hjálparstarfs og einnig seldur til fjáröflunar.

*Skilagjaldsumbúðir.* Áætluð heildarskil á dósnum og flöskum með skilagjaldi hefur verið um 86 %, sem gerir um 14 kg af umbúðum á mann. Ekki liggja fyrir tölur um skil eftir landshlutum þannig að notað er landsmeðaltal.

### ***Ýmis verkefni***

*Lokaverkefni í Tækniskóla Íslands.* Bjarki Már Sveinsson, nemi í Tækniskóla Íslands, vann lokaverkefni sitt í tengslum við Sorpstöð Suðurlands. Í verkefninu er m.a. fjallað um mengun sem getur orðið vegna áhrifa sigvatns sem kemur undan sorpurðunarstöðum. Ítarlega var farið í fræðileg atriði varðandi efnasamsetningu sigvatns og niðurbrotsferli þess. Eining var tekið á innri starfsemi haugs og þáttum sem hafa áhrif á það magn sigvatns sem myndast. Rennslismælingar voru framkvæmdar og efnamælingar teknar í tveimur punktum, fyrir og eftir hreinsun.

*Endurvinnsla á pappír.* Eins og komið hefur fram í skýrslu þessari þá er pappír safnað og komið til endurvinnslu í Svíþjóð. Gámastöðin, Sorpstöð Suðurlands og Funaplast hafa á árinu gert tilraunir með endurvinnslu á pappír sem miða að því að gera undirburð fyrir skepnur. Tafir hafa orðið á verkefninu eftir að tækjabúnaður sá er notaður var hjá Funaplast við vinnsluna var seldur til plastendurvinnslu.

*Endurvinnsla á plasti.* Plastmótun, Læk Ölfusi, hefur fest kaup á plastendurvinnslubúnaði þeim er Funaplast notaði til endurvinnslu á nyloni og gerði tilraunir til endurvinnslu á landbúnaðrplasti. Markmiðið er að vinna hráefni til eigin nota og sölu. Platmótun framleiðir m.a. vegstikur og snjóskaflavarnir fyrir Vegagerð ríkisins. Plastmótun hefur sent stjórn Sorpstöðvarinnar erindi þar sem óskað hlutfjárþátttöku fyrirtækisins, en ekki hefur verið tekin afstaða til þess.

*Sorphirðu- og eyðingarkostnaður.* Tekin var saman á árinu kostnaður sveitarfélaganna vegna söfnunar og eyðingar á úrgangi árið 1998. Þar kemur meðal annars fram að heildarkostnaður sveitarfélanna í Árnes og Rangárvallasýslu nemur um

138 milljónum króna (án vsk). Þar af er söfnun og flutningar 91 (66%) milljón króna en eyðing og endurvinnsla 47 (34%) milljónir.

Kostnaður á íbúa sveitarfélags er mjög breytilegur milli sveitarfélaga, en það stafar af mismunandi þjónustustigi, flokkunarmöguleikum, fjölda sumarhúsa, umfangi rekstrar og hversu magntengd sorpeyðingargjöld eru raunúrgangsmagni fyrirtækja/reksturs. Að meðaltali nema innheimt sorphirðugjöld 51 % af kosnaði vegna sorphirðu og eyðingar. Sjá nánar í viðauka 11, samanburður á sorphirðu og eyðingarkostnaði.

*Samþykktir og gjaldskrár.* Nokkur sveitarfélög hafa á síðustu misserum tekið til endurskoðunar gjaldskrár og samþykktir um sorphirðu. Til þess að gjaldskrá fáiast samþykkt þarf að vera gild samþykkt henni til grundvallar. Til að samþykkt sé gild þarf samþykki sveitafélags og heilbrigðisnefndar og staðfestingu umhverfisráðherra. En gjaldskrá þarfnast samþykki sveitarfélags og heilbrigðisnefndar. Frekari upplýsingar og drög að samþykktum er hægt að nálgast hjá Sorpstöð Suðurlands og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

*Fenúr.* Sorpstöð Suðurlands er aðili að Fenúr. Fenúr eru félagasamtök sem hafa það að markmiði að standa fyrir faglegri umræðu um sorphirðu og endurvinnslu. Hlutverk þessa félags er miðlun traustra upplýsinga jafnframt því að eiga í alþjóðlegri samvinnu. Með því móti má tryggja hagsmuni okkar og forðast mistök og ósamræmdar aðgerðir. Full þörf væri einnig á því að fyrirtæki sveitarfélaga í þessum málaflokki tækju upp meira samstarf um þessi mál.

## ***Starfsmenn***

Arnar Árnason stjórnar rekstri urðunarsvæðisins eins og verið hefur. Nýr starfsmaður Kristinn Sigtryggsson vélamaður kom til starfa um mitt síðasta ár þegar Guðni Jónsson hætti störfum hjá fyrirtækinu. Þá hefur Guðmundur Tr. Ólafsson umhverfisfræðingur unnið áfram að ráðgjafar- og þróunarstörfum fyrir Sorpstöðina, aðildarsveitarfélög hennar og fyrirtæki á svæði stöðvarinnar. Verulegur hluti af störfum hans undanfarið ár hefur farið á vinna að undirbúningi kjötmjölsverksmiðjunnar sem nú er að rísa í Hraungerðishreppi. Mjög góð reynsla er af störfum umhverfisfræðingsins og leggur stjórnin til að að starfið verði fest í sessi til frambúðar, en núverandi ráðning gildir til loka þessa árs. Umhverfismál eru að verða æ mikilvægari og umfangsmeiri málaflokkur hjá sveitarfélögunum og því er full þörf á bæta fremur við en draga úr starfi á þessu sviði. Stjórnin óskar því eftir heimild til að ráða Guðmund ótímabundið til áframhaldandi starfa. Framkvæmdastjóri SASS og aðrir starfsmenn samtakanna sinna síðan öðrum störfum fyrir stöðina.

## ***Markmið og stefna Sorpstöðvarinnar***

Fyrir tveimur til þremur árum hófst vinna stjórnar við markmiðssetningu fyrirtækisins en var síðan sett til hliðar. Nú í vetur var þráðurinn tekinn upp á nýjan leik og liggja tillögur stjórnarinnar hér fyrir aðalfundinum til meðferðar. Mikilvægt er fyrir fyrirtæki sem starfar að umhverfismálum, þar sem margt er óunnið, hafi skýr markmið að vinna eftir. Meginmarkmiðin eru eftirfarandi:

- \* Að annast förgun sorps fyrir aðildarsveitarfélög og fyrirtæki sem þar starfa.
- \* Að kappkosta að starfseminni sé ávallt hagað þannig að hún uppfylli ákvæði laga, reglugerða og starfsleyfis um förgun sorps.

- \* Að gæta ávallt ítrústu hagkvæmni við reksturinn án þess að það rýri gæði starfseminnar.
- \* Að styrkja árlega eiginfjárstöðu byggðasamlagsins.
- \* Að framkvæma gjaldskrárstefnu með þeim hætti að sveitarfélög og aðrir viðskiptaaðilar á Suðurlandi njóti hagkvæms reksturs.
- \* Að stuðla að þróun hagkvæmrar sorphirðu á þann hátt að flokkun og endurvinnsla aukist samfara minnkun þess sorps sem til förgunar fer.
- \* Að haga starfseminni þannig að hún verði ávallt í fararbroddi og sátt við umhverfið.

Stjórnin vonast til að aðalfundurinn geti tekið undir þessi markmið.

### ***Undirbúningur kjötmjölsverksmiðju***

Frá síðasta aðalfundi sem haldinn var um mitt síðasta ár hefur verið unnið sleitulaust að undirbúningi kjötmjölsverksmiðju í Hraungerðishreppi. Smíði vélbúnaðar er lokið hjá Haarslev a/s í Danmörku og bíður uppsetningar. Smíði verksmiðjuhúss hófst í desember, að afloknu útboði. Samið var við lægstbjóðanda, Agnar Pétursson byggingameistara á Selfossi. Heildarverð hússins verður kr. 56.670.000, en heildarverð verksmiðjunnar kr. 175.000.000. Gert er ráð fyrir að öllum framkvæmdum verði lokið 1. september á næsta hausti. Þó er áætlað að framleiðsla hefjist fyrr, eða um mánaðamótin júlí/ágúst. Á síðasta aðalfundi var staðfest hluthafasamkomulag, þess efnis að hluthafar skuldbindu sig til að auka hlut sinn um helming fyrir árslok og skyldi tíminn nýttur til að afla aukins hlutafjár. Hluthafasamkomulagið var framlengt til loka febrúar á þessu ári. Erfiðlega hefur gengið að afla hlutafjár, en nú hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkt að styrkja Búnaðarfélag Hraungerðishrepps um kr. 8.000.000 til kaupa á hlutafé í fyrirtækinu. Styrkumsókn Búnaðarfélagsins var unnin af hálfu Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands og byggðist á ýmsum gögnum sem unnin hafa verið við undirbúning málsins. Eftir standa þá 17 milljónir króna sem skiptast á milli hluthafanna í sömu hlutföllum og upphaflegt hlutafé. Í hlut Sorpstöðvarinnar falla kr. 5.440.000 og verður þá hlutafé hennar í Kjötmjöli kr. 13.440.000 sem er 32% hlutafjárins. Æskilegt væri að hlutafé væri um 1/3 heildarverðs eða um 60 milljónir króna og verður áfram unnið að því að fá meira hlutafé inn í fyrirtækið. Renna menn m.a. vonaraugum til nýstofnaðs Eignarhaldsfélags Suðurlands í því sambandi.

Fjallað hefur verið um væntanlegan rekstur kjötmjölsverksmiðjunnar í stjórnnum Sorpstöðvarinnar og Kjötmjöls ehf. og eru þær sammála um að rekstur verði í höndum Sorpstöðvar Suðurlands. Ekki hefur þó enn verið gengið frá formlegum samningi þar um, enda rétt að gefa aðalfundi Sorpstöðvarinnar tækifæri til að taka afstöðu til málsins. Óskar stjórnin hér með eftir heimild aðalfundar til að ganga frá slíkum samningi. Þetta rekstarfyrirkomulag er þó komið til framkvæmda, fjármál eru í höndum framkvæmdastjóra og umsjón með byggingarframkvæmdum af hálfu Kjötmjöls hefur Guðmundur Tr. Ólafsson umhverfisfræðingur starfsmaður Sorpstöðvarinnar. Í tillögu að fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 3 milljón króna tekjum Sorpstöðvarinnar vegna þessarar þjónustu.

Ekki verður komist hjá að nefna þá erfiðleika sem glímt hefur verið við í undirbúningi málsins. Mjög erfiðlega hefur gengið, vægast sagt, að fá stuðning af



hálfu ríkisins og þeirra sjóða sem það hefur yfir að ráða. Sótt hefur verið um styrki til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Byggðastofnunar og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Þau svör sem hafa borist hafa verið neikvæð. Þess skal þó getið að framlag Framleiðnisjóðs til Búnaðarfélags Hraungerðishrepps til hlutafjárkaupa fékkst ekki síst fyrir dyggan stuðning landbúnaðarráðherra ásamt vinnu stjórnarmanna Kjötmjöls og starfsmanna Atvinnuþróunarsjóðs. Sérstaklega er vert að nefna Nýsköpunarsjóð í þessu efni, en þar hafa viðtökur verið dræmar svo ekki sé meira sagt, enda þótt hér sé tvímælalaust um nýsköpun að ræða og ágætlega arðbært fyrirtæki. Nýsköpunarsjóðurinn virðist einkum beina athyglinni að upplýsinga- og þekkingariðnaðinum, sem í sjálfu sér er góðra gjalda vert, en því verður starfsemi hans helst vart á höfuðborgarsvæðinu. Byggðaröskunin í landi á sér margvíslegar ástæður og sumar þeirra óviðráðanlegar, en það verður að gera þær kröfur til stjórnvalda að þau beiti þeim stofnunum og sjóðum sem þau stýra til að andæfa þessari þróun. Hér með er því skorað á nýskipaðan byggða- og viðskiptaráðherra að taka stefnu og starfsemi Nýsköpunarsjóðs til gagngerðrar endurskoðunar.

### ***Lokaorð***

Framundan eru breyttir tímar í starfsemi Sorpstöðvar. Stóraukin flokkun og endurvinnsla er framundan og því mun urðun minnka í framtíðinni. Þessar áherslubreytingar munu að öllum líkindum valda auknum kostnaði hjá sveitarfélögunum en um leið bættu umhverfi - sem skiptir öllu máli þegar upp er staðið.